

Nd.

366. Frumvarp til laga

[29. mál]

um héraðsfangelsi.

(Eftir 3. umr. i Ed., 14. febr.)

1. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsyn á, að fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga sé reist í héraðinu, og skal hún þá senda til dómsmálaráðherra beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni.

Beiðninni skal fylgja skýrsla um nauðsynina. Ef ráðuneytið telur málaleitunina á rökum reista, skal það láta semja áætlun um kostnað og gera uppdrátt af húsínu.

2. gr.

Sveitarfélag leggur til á sinn kostnað lóð undir héraðsfangelsi, en annar stofnkostnaður greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög standa að sama héraðsfangelsi, skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

3. gr.

Beiðni sveitarfélags samkvæmt 1. gr. skal dómsmálaráðherra senda Alþingi, og ákveður það við afgreiðslu fjárlaga, hvort við henni skuli orðið.

Nú samþykkir Alþingi slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til herrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan þriggja ára, frá því er fyrsta framlag var innt af hendi.

4. gr.

Dómsmálaráðherra hefur þá ihlutun um byggingu héraðsfangelsa, sem nauðsynleg er til að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

5. gr.

Þarfnist héraðsfangelsi verulegra endurbóta eða viðauka, skal að öllu svo með fara sem segir í 1.—4. gr.

6. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra þörf á stofnun héraðsfangelsis eða viðbót við eða endurbót á héraðsfangelsi, sem fyrir er, en sveitarstjórn hefur eigi hafizt handa um aðgerðir, eða hann telur áform hennar í þessum efnun ófullnægjandi, og skal hann þá leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um lausn málsins. Veiti Alþingi fé til framkvæmdanna, skal sveitarsjóði skylt að greiða sinn hluta kostnaðarins innan þriggja ára með jöfnum ársgreiðslum, ef eigi semst um annað.

7. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsunum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.

8. gr.

Rekstrarkostnaður héraðsfangelsa greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um rekstur héraðsfangelsa, eftir því sem þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 1. febrúar 1936, um fangelsi.